**Unknown** TJ\INBOX\BAUGUR\STOÐDEILDIR\FJÁRMÁLASVIÐ\EFNAHAGSLIÐIR

**From:** Tryggvi Jónsson [tryggvi@baugur.is]
**Sent:** 26. nóvember 2001 00:26
**To:** Stefán Hilmarsson (E-mail)
**Cc:** 'johannaw@baugur.is'; Jón Ásgeir Jóhannesson (E-mail); 'iris@baugur.is'
**Subject:** Fjárfar hf.

Sæll Stefán.

Á síðasta fundi okkar ræddir þú um að Fjárfar skuldaði Baugi 219 millj. kr. og vildir fá að heyra hvernig þeir hyggðust gera upp sínar skuldir.

Skuldin er til komin einkum af tvennum ástæðum. Annars vegar er um að ræða kaup félagsins á bréfum í Baugi hf. og hins vegar kaup á hlutabréfum í Baugi.net ehf. af Baugi. Á næstunni mun Fjárfar gera upp við Baug þannig að kaupin á bréfum í Baugi.net verða látin ganga til baka, sem er ca. 65 millj. kr., og hins vegar munu þeir gefa út skuldabréf til 5 ára með jöfunum árlegum afborgunum fyrir eftirstöðvunum. Fjármálasviðið mun annast frágang á þessum málum og bið ég þau hér með að láta þig vita þegar þetta er frágengið.

Kveðja

Tryggvi